



Kynning á uppgjöri 2. ársfjórðungs 2016

Eggert Kristófersson, forstjóri

24. ágúst 2016

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

2. ársfjórðungur 2016

EBITDA
1.104 m.kr.

Handbært fé
1.476 m.kr.

EBITDA /Framlegð
36,3%

Eiginfjárlutfall
37,5%

Nettó
vaxtaberandi
skuldir
4.970 m.kr.

Arðsemi eigin fjár
6M
22,2%



Fjárhagsleg afkoma

REKSTURINN Á 2F 2016

Rekstrarreikningur á 2F 2016

Helstu atriði:


- Aukin umsvif og hagstæð verðþróun á heimsmarkaði með olíu
- Selt magn af bensíni og gasolíu jókst um 10% á milli 2F 2016 og 2F 2015
- Selt magn án JET lækkar um 14,9% á milli 2F 2016 og 2F 2015
- Launakostnaður er 8,7% hærri á 2F 2016 samanborið við 2F 2015
- Meðalstöðugildi 2,1% fleiri á 2F 2016 en á sama tímabili 2015
- Sölu- og dreifingarkostnaður lækkar um 7,0% sem skýrist að mestu af minni sölu af flugvélaeldsneyti
- Annar rekstrarkostnaður hækkar um 10,9% á milli 2F 2016 og 2F 2015 sem skýrist að mestu af almennum kostnaðarhækkunum
- EBITDA/Framlegð 36,3% en var 35,1% á 2F 2015

<i>Púsundir króna</i>	2F 2016	2F 2015	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur				
Framlegð af vörusölu	3.038.767	2.857.377	181.390	6,3%
Aðrar rekstrartekjur	95.391	92.511	2.880	3,1%
Laun og annar starfsmannakostnaður	-1.061.141	-975.936	85.205	8,7%
Sölu- og dreifingarkostnaður	-553.803	-595.406	-41.603	-7,0%
Annar rekstrarkostnaður	-415.332	-374.383	40.949	10,9%
EBITDA	1.103.882	1.004.163	99.719	9,9%
Lykiltölur				
EBITDA/framlegð	36,3%	35,1%	1,2%	3,4%
Laun/framlegð	34,9%	34,2%	0,8%	2,2%
Hagnaður á hlut	2,03	1,11	0,92	82,9%
	2F 2016	2F 2015	Breyt.	% Breyt.
Markaðshlutdeild án JET *	32,5%	36,2%	-3,7%	-10,3%
Markaðshlutdeild bensín	32,0%	32,5%	-0,6%	-1,8%

* JET stendur fyrir flugvélaeldsneyti

ÞRÓUN Á OLÍUVERÐI OG USD/ISK

Þróun á heimsmarkaðverði bensíns, dísilolíu og gengi USD/ISK
1. janúar til 30. júní 2016



Þróun á 2F 2016:

- Bensín 95 hækkar um 7% og er munur á lágsta og hæsta verði 18%
- Dísilolía hækkar um 31% og er munur á lágsta og hæsta verði 48%
- USD hækkar um 0,4% gagnvart ISK og er munur á lágsta og hæsta gengi 3%

Heimild : Seðlabanki Íslands og Platt's

EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR Í LOK TÍMABILS

Helstu atriði:

- Dregið hefur úr fjárbindingu í birgðum og viðskiptakröfum vegna lægra olíuverðs
- Arðgreiðsla frá Olíudreifingu 60 m.kr.
- Félagið var með meira magn í birgðum en áætlað var á 2F 2016 vegna minni umsvifa í sjávarútvegi og í erlendri sölu
- Veltuhraði birgða er 8,15 á 2F 2016 samanborið við 12,03 2F 2015*
- Aðrar skammtímakröfur eru að mestu fyrirframgreiddar birgðir og kostnaður. Breyting á milli 2F 2015 og 2F 2016 skýrist af minni inneign í VSK.

Eignahlið efnahagsreiknings

<i>Púsundir króna</i>	6M 2016	6M 2015	Breyt.	% Breyt.
Efnahagsreikningur				
Ófnislegar eignir	322.455	334.923	-12.468	-3,7%
Rekstrarfjármunir	9.364.901	9.227.702	137.199	1,5%
Eign í félögum	1.620.357	1.547.449	72.908	4,7%
Aðrar eignir	64.076	74.022	-9.946	-13,4%
Fastfjármunir alls	11.371.789	11.184.096	187.693	1,7%
Birgðir	3.252.548	4.018.818	-766.270	-19,1%
Viðskiptakröfur	3.245.204	4.330.639	-1.085.435	-25,1%
Kröfur á tengda aðila	6.875	72.509	-65.634	-90,5%
Aðrar skammtímakröfur	647.610	1.163.151	-515.541	-44,3%
Handbært fé	1.476.100	1.246.919	229.181	18,4%
Veltufjármunir alls	8.628.337	10.832.036	-2.203.699	-20,3%
Eignir alls	20.000.126	22.016.132	-2.016.006	-9,2%

* Veltuhraði birgða er kostnaðarverð seldra vara sem hlutfall af meðalstöðu birgða í birtum uppgjörum: $K\dot{S}V / (Birgðir\ 1.4.2016 + Birgðir\ 30.6.2016)/2$

EFNAHAGSREIKNINGUR

SKULDIR Í LOK TÍMABILS

Helstu atriði:

- Efnahagsreikningur félagsins minnkar vegna lækkunar hlutfjár á árinu 2015 og lægra olíuverðs
- Félagið greiddi hluthöfum arð að fjárhæð 1.050 m. kr. þann 7. apríl 2016
- Eiginfjárhlutfall er 37,5% en var 37,3% í lok júní 2015
- Vaxtaberandi skuldir eru samtals 6.370 m.kr. og nettó vaxtaberandi skuldir voru 4.970 m.kr. í lok júní 2016*
- Skuldir við hið opinbera lækka vegna lægra olíuverðs og minni sölu á JET
- Arðsemi eiginfjár var 22,6% á fyrstu 6 mánuðum 2016 í samanburði við 15,4% á sama tímabili árið áður.

Skuldahlið efnahagsreiknings

<i>Þúsundir króna</i>	<i>6M 2016</i>	<i>6M 2015</i>	<i>Breyt.</i>	<i>% Breyt.</i>
Efnahagsreikningur				
Hlutfé	350.000	470.000	-120.000	-25,5%
Yfirverðsreikningur hlutfjár	4.152.900	5.576.751	-1.423.851	-25,5%
Annað bundið eigið fé	521.716	563.239	-41.523	-7,4%
Óráðstafað eigið fé	2.472.857	1.595.246	877.611	55,0%
Eigið fé	7.497.473	8.205.236	-707.763	-8,6%
Skuldir				
Skuldir við lánastofnanir	6.370.000	6.370.000	0	0,0%
Tekjuskattskuldbinding	268.238	290.230	-21.992	-7,6%
Fyrirfram innheimtar tekjur	166.161	196.373	-30.212	-15,4%
Langtímaskuldir	6.804.399	6.856.603	-52.204	-0,8%
Skuldir við opinbera				
Tekjuskattur til greiðslu	566.568	284.865	281.703	98,9%
Aðrar skuldir við hið opinbera	2.664.827	3.094.993	-430.166	-13,9%
Skuldir við lánastofnanir	0	1.097.499	-1.097.499	-100,0%
Viðskiptaskuldir	1.466.166	1.436.299	29.867	2,1%
Skuldir við tengda aðila	194.793	208.176	-13.383	-6,4%
Fyrirfram innheimtar tekjur	233.963	257.200	-23.237	-9,0%
Aðrar skammtímaskuldir	571.937	575.261	-3.324	-0,6%
Skammtímaskuldir alls	5.698.254	6.954.293	-1.256.039	-18,1%
Skuldir og eigið fé alls	20.000.126	22.016.132	-2.016.006	-9,2%

* Nettó vaxtaberandi skuldir = Vaxtaberandi skuldir + áfallnir vextir – handbært fé

SJÓÐSTREYMI

Helstu atriði:

- Fjárfestingar ársins 2016 eru áætlaðar um 600 m.kr.
- Ákveðið að fara í umfangsmeiri fjárfestingar á þjónustustöðvum en gert var ráð fyrir í áætlun
- Ekki hefur verið dregið á lánalínur á 2F 2016
- Handbært fé hækkar um 18,4% á milli tímabila
- Gjaldfært viðhald rekstrarfjármuna var 209 m.kr. á 6M 2016 samanborið við 153 m.kr. á 6M 2015

Sjóðstreymi

<i>Þúsundir króna</i>	6M 2016	6M 2015	Breyt.	% Breyt.
Sjóðstreymi				
Handbært fé frá rekstri	776.126	975.322	-199.196	-20,4%
Fjárfestingahreyfingar	-494.900	-198.031	-296.869	149,9%
Fjármögnunarahreyfingar	-1.282.470	-4.182.917	2.900.447	-69,3%
Breyting á handbæru fé	-1.001.244	-3.405.626	2.404.382	-70,6%
Gengismunur af handbæru fé	4.972	23.445	-18.473	-78,8%
Handbært fé í lok tímabilsins	1.476.100	1.246.919	229.181	18,4%
<i>Þúsundir króna</i>	6M 2016	6M 2015	Breyt.	% Breyt.
Viðhaldskostnaður	208.682	153.334	55.348	36,1%



Staða og horfur

STAÐA OG HORFUR


Uppfærð afkomuspá ársins 2016

- Hækkun á EBITDA spá fyrir árið 2016, nú 3.150 – 3.250 m.kr.
 - **Forsendur:**
- Áframhaldandi vöxtur í ferðapjónustu
- Gert er ráð fyrir stöðugu olíuverði á heimsmarkaði
- Miðað er við að gengi USD/ISK verði í kringum 118

Fjárfestingar í þjónustustöðvum

- Uppfærsla á vörumerkinu Nesti á þjónustustöðvum félagsins

Þróun olíuverðs á 3F 2016





Takk fyrir

FYRIRVARAR

- Allar upplýsingar í kynningunni byggja á heimildum sem N1 hf. telur áreiðanlegar við birtingu hennar, en ekki er hægt að tryggja að þær séu óskeikular.
- Allar upplýsingar í kynningunni eru í eigu N1 hf. Ekki er heimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt upplýsingum úr kynningunni, hvorki að hluta til né í heild.
- Þessi kynning er aðeins ætluð til upplýsingagjafar en ekki sem hluti af eða grunnur að ákvarðanatöku viðtakenda. Viðtakendum ber ekki að túlka upplýsingar í kynningu þessari sem loforð eða leiðbeiningar. N1 hf. ber ekki að veita viðtakendum kynningar þessarar frekari upplýsingar um félagið eða gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.
- Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissupátta sem geta haft þau áhrif að raunverulegur árangur í framtíðinni verði umtalsvert frábrugðinn því sem greint er frá í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við gengi gjaldmiðla, heimsmarkaðsverð á eldsneyti, framboð á fjármagni, gildistöku nýrra laga og áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru.
- N1 hf. tekur fram að viðtakendur kynningarinnar eiga ekki að treysta á staðhæfingar í henni í framtíðinni þar sem þær eiga eingöngu við á útgáfudegi kynningarinnar. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.
- Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.